



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík 18. febrúar 2015

1411044SA GB/þbj
Málalykill: 330

Efni: Umsögn um drög að aðgerðaráætlun - Læsi

Skólateymi og skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa yfirfarið drög að aðgerðaráætlun varðandi læsi. Að mati sambandsins er skjalið vandað og heildaryfirbragð þess gott. Bent er þó á nauðsyn þess að meta kostnaðaráhrif af þeim tillögum sem gerðar eru í aðgerðaráætluninni en ljóst má vera að fullnægjandi árangur mun ekki nást nema fjármagn fylgi þeim.

Eftirfarandi eru ábendingar og athugasemdir við einstök atriði skjalsins sem sambandið vill koma á framfæri við verkefnahópinn.

Ábendingar og athugasemdir við einstök atriði

Í inngangi skjalsins er fjallað um það markmið hvítbókar að hlutfall þeirra sem ná grunnviðmiðum í lesskilningi PISA fari úr 79% (2012) í 90% árið 2018. Sambandið telur ástæðu til að fjalla nánar um árangursviðmið skóla í samhengi við umfjöllun um PISA en um viðmið er fjallað undir tillögu 1. Mikilvægt er að hver skóli geti skoðað hvort þeim árangursviðmiðum sem hann hefur sett sér er náð og þar með hvort skólinn sé á réttri leið í átt að markmiði um bættan árangur í PISA.

Þá kemur fram að eftirfarandi sé umfjöllun um tillögur til að ná árangri í málþroska og læsi barna og ungmenna allt frá leikskóla og til loka grunnskóla. Að mati sambandsins er rétt að fjalla þarna einnig um framhaldsskólann enda ljóst að þar þarf einnig að huga að læsi ef stór hluti nemenda getur ekki lesið sér til gagns við upphaf náms í framhaldsskóla.

Tillaga 1 – Taka ákvörðun um árangur í læsi

3. Viðmið og viðbragðsáætlanir

Að mati sambandsins er fremur langur tími ætlaður til þróunar staðlaðra viðmiða varðandi læsi en þau skulu vera tilbúin haustið 2017.

Þá sé það seint að gera ráð fyrir sérstökum viðbragðsáætlunum fyrir nemendur sem enn hafa ekki náð viðmiðum í lestri eftir 4. bekk. Sambandið telur að frekar ætti að miða við lok 3. bekkjar. Þá vakna einnig spurningar um hvað við er átt með viðmiðum, er átt við lestrarhraða eða lesskilning?

4. Samstarf og skilningur á mikilvægi læsis

Þar segir m.a.: „Stutt verði markvisst við kerfisbundið samstarf (a) milli leik- og grunnskóla“. Sambandið telur ástæðu til að bæta við sem næsta lið þar á eftir: „milli grunn- og framhaldsskóla“.



Tillaga 2 – Efla ráðgjöf, stuðning og starfsþjálfun kennara

1. Ráðgjöf, stuðningur og starfsþjálfun (á staðnum):

Fram kemur að a.m.k. 10 ráðgjafar verðir ráðnir til að vinna sem teymi næstu 5 árin. Sambandið telur nauðsynlegt að fram komi hver ráði þá til starfa, eðlilegt sé að það verði ný Menntamálastofnun, og hvaða menntunar- og hæfnikröfur verði gerðar til þeirra. Þá þurfi að vera skýrt hver leiði vinnu ráðgjafanna, hvort um verði að ræða fullt starf hjá þeim öllum og hvar þeir komi til með að hafa aðsetur. Einnig er þörf á því að það komi fram hver beri kostnað af ráðgjöf og þjónustu ráðgjafanna. Í 3. lið tillögu 2 er fjallað um skimun í lestri og þar kemur fram að aðgangur að lesskimunum verði gjaldfrjáls fyrir skóla og sveitarfélög en ekki er fjallað um kostnað af annarri þjónustu ráðgjafanna. Þá má spyrja hvort rétt sé að takmarka vinnu ráðgjafa við 5 ára tímabil og hvort frekar megi gera ráð fyrir að árangur af starfinu verði metinn eftir 2-3 ár og þá komist að niðurstöðu um hvert framhaldið skuli vera. Slíkt vinnulag væri meira í anda þess að um langtímaverkefni er að ræða en ekki átaksverkefni.

Að mati sambandsins er einnig ástæða til að fara nánar yfir skuldbindingu aðila skólasamfélagsins varðandi aðgerðaráætlunina. Gert er ráð fyrir að ráðgjafar „sinni ráðgefandi hlutverki og stuðningi við læsissnám, læsiskennslu og námsmat um allt land með aðkomu og virku samstarfi mennta- og menningarmálaráðuneytis, sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Heimilis og skóla, kennaramenntunarstofnana o.fl.“ Óljóst er hver ber ábyrgð á verkefninu en að mati sambandsins er nauðsynlegt að það liggja skýrt fyrir. Ábyrgðin á því að framfylgja aðgerðaráætlun hlýtur að meginstefnu til að hvíla á skólum landsins en hlutverk ráðgjafa verði að leiða og styðja starfsmenn og stjórnendur skólanna í þeirri vinnu.

2. Heimasíða

Í tillögunni er gert ráð fyrir að ráðgjafar haldi utan um heimasíðu fyrir kennara, foreldra, stjórnendur og áhugafólk um læsi og lestrarnáms. Þar eru talin upp atriði sem eiga að vera aðgengileg á síðunni. Telur sambandið að við þann lista eigi að bæta skimunarprófum og viðmiðum um árangur í læsi fyrir hvert skólaár grunnskóla (sbr. punktur 1.3).

4. Árleg námsstefna

Í umfjöllun undir þessum lið er gert ráð fyrir að ráðgjafar efni til námsstefnu í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið en sambandið gerir tillögu um að þarna verði einnig gert ráð fyrir samráði við það.

Tillaga 3 – Leggja áherslu á lestur á öllum skólastigum

2. Raunprófaðar aðferðir

Gert er ráð fyrir að í boði verði sérstök „námshröðunarþjálfun“ fyrir nemendur í 4. bekk. Að mati sambandsins er ástæða til að skilgreina hvað átt er við með námshröðunarþjálfun, hvernig gert er ráð fyrir að slík þjónusta verði í boði og hver beri kostnað af henni.



3. Allir kennarar skilgreini sig sem læsiskennara

Í texta undir þessum lið segir að áfram skuli vera kerfisbundið læsiskólinn eftir 4. bekk og til loka 10. bekkjar. Þarna telur sambandið ástæðu til að bæta við orðunum: „...og áfram í framhaldsskólum ef þörf krefur“.

4. Lesefni við hæfi

Undir þessum lið kemur m.a. fram að skólabókasöfn, tækni og nettengingar verði efld til að auka fjölbreytni við val nemenda á lesefni. Spurningar vakna hér um kostnaðaráhrif.

5. Kennaramenntunarfánir og lestur

Sambandið telur ráðlegt að skipta fyrsta punktinum undir lið 5 í tvo hluta. Sá punktur er í raun tvíþættur, þ.e. lýtur annars vegar að kennaranámi og hins vegar að starfsþróun kennara. Málsgreininni yrði skipt þannig að eftirfarandi yrði sjálfstæður punktur: „Hlutverk og ábyrgð háskóla til að sinna starfandi kennurum í leik- og grunnskólum, í tengslum við læsi, verði endurskilgreint.“

6. Hlutverk stjórnenda

„Skólastjórnendur verði virkir þátttakendur í starfsþróun kennara og fylgist reglulega með námi og kennslu. Þeir sjái til þess að kennarar fái endurgjöf á kennslu sem byggir m.a. á mati á kennslustundum og framförum og árangri nemenda m.v. viðmið í læsi.“ Sambandið gerir ráð fyrir að þarna sé bæði átt við hefðbundið ytra mat (sbr. punktur 3.4) og innra mat, þ.e. faglegt mat innan skóla.

„Skólastjórnendur fái virkan stuðning í formi ráðgjafar og fjármagns...“ Spurningar vakna um hverjir sjái um umrædda ráðgjöf og hvernig hún verði fjármögnuð.

Tillaga 4 – Auka samstarf við foreldra og auka áhuga á lestri

Sambandið telur að auka mætti vægi þeirra þátta sem tilgreindir eru í tillögu 4 með því að skipta tillögunni upp í tvennt. Tillaga 4 yrði þá „Auka samstarf við foreldra“ og tillaga 5 „Auka áhuga á lestri“. Punktur 2. og 5. undir tillögu 4 færu þá undir nýja tillögu 5.

Sambandið telur rétt að minna á mikilvægi þess að hugað sé vel að börnum innflytjenda og foreldrum þeirra í allri umræðu um aukið samstarf við foreldra. Í því sambandi væri vert að huga sérstaklega að því grasrótastarfi sem unnið er á þessum vettvangi.

4. Foreldrafræðsla um þátttöku og árangur

„Foreldrar fái stuðning og hvatningu til þess að taka þátt í að halda áfram þjálfun barna sinna eftir 4. bekk“. Sambandið telur að frekar ætti hér að nefna 3. bekk.



Annað

Sambandið telur ástæðu til að nefna í lokin að beina mætti sjónum í ríkari mæli að starfspróun kennara í þeim tillögum sem gerðar eru varðandi læsi. Sú ábending á við um tillögur 1-3 í aðgerðaráætluninni.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs